



## Erlendir ferðamenn í fyrsta sinn fleiri en fyrir faraldur

*Erlendir ferðamenn um Leifstöð voru rúmlega 234 þúsund í júlí. Til samanburðar voru þeir rúmlega 231 þúsund í júlí 2019, síðasta árið fyrir faraldur. Ferðamenn voru því 1,3% fleiri nú í júlí en fyrir faraldur. Þetta er í fyrsta sinn eftir faraldur sem fjöldinn er meiri í einum mánuði en í sama mánuði 2019.*


### Bandaríkjamenn þriðjungur ferðamanna

Bandaríkjamenn voru flestir erlendra ferðamanna í júlí eða ríflega þriðjungur. Þetta hlutfall er nokkuð svipað því sem var fyrir faraldur og staðfesting þess að ferðapjónustan sé að ná vopnum sínum á ný. Bandarískir ferðamenn voru tæplega 79 þúsund í júlí, eða 20% fleiri en í sama mánuði 2019, og var þetta í fyrsta sinn sem Bandaríkjamenn, líkt og ferðamenn alls, voru fleiri en í sama mánuði fyrir faraldur. Sé litið til þeirra 17 þjóða sem hefð hefur verið fyrir að telja sérstaklega inn í landið voru 8 tilfelli þar sem ferðamenn viðkomandi þjóðar voru fleiri en í sama mánuði árið 2019. Ferðamönnum frá Danmörku hefur fjölgað mest en 76% fleiri danskir ferðamenn voru hér á landi í júlí en í sama mánuði 2019. Næstmesta fjölgunin er í ferðamönnum frá Ítalíu, eða 59%, og þriðja mesta fjölgunin er hjá hollenskum ferðamönnum, 24%.

### Asíuþjóðirnar ekki að koma í nærri því sama mæli


Ferðamönnum frá Asíu fækkaði mikið eftir faraldur eins og ferðamönnum frá öðrum heimsálfum. Þeim hefur hins vegar ekki fjölgað jafn mikið hér á landi að undanfögnu eins og ferðamönnum frá öðrum heimsálfum. Þannig var fjöldi ferðamanna frá Japan í júlí einungis 39% af fjöldanum 2019 og fjöldinn var einungis 13% frá Kína. Hluti af ástæðunni fyrir þessum litla fjölda frá Kína er hár fjöldi Covid-19 smita framan af ári á sama tíma og flest Evrópuríki og ríki Norður-Ameríku höfðu náð góðum tókum á vandamálinu.

Komur erlendra ferðamanna í júlí



Sem hlutfall af fjöldanum í sama mánuði 2019  
Heimild: Hagstofa Íslands

Komur ferðamanna frá Japan og Kína



Sem hlutfall af fjöldanum 2019  
Heimild: Hagstofa Íslands




## Mjög mikið vatn runnið til sjávar síðasta árið

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar í íslenskrri ferðaþjónustu síðasta árið eða svo. Svartnættið í ferðaþjónustunni var hvað mest í mars á síðasta ári en þá var fjöldi erlendra ferðamanna einungis 2% af fjöldanum í sama mánuði 2019. Með hækkandi sól fór þessi tala vaxandi eftir því sem bólusetningum vatt fram. Í júní í fyrra var hlutfallið komið upp í 20% og 48% í júlí, það hélt áfram að leita upp með haustinu og náði tímabundnu hámarki í 63% í október. Svo kom örlítið bakslag eftir að ómíkróna-fbrigðið komst á flug, hlutfallið leitaði aftur niður á við og varð lægst 49% í janúar. Upp frá því var farið að slaka verulega á ferðatakmörkunum og tók hlutfallið stökk í apríl og fór upp í 85% samanborið við 60% í mars. Síðan hefur það haldið áfram að hnika upp á við og var komið upp fyrir 100% nú í júlí.

## Ferðamenn frá Vestur-Evrópuþjóðum fleiri á öðrum fjórðungi en 2019


Þetta stökk hlutfallsins í apríl þýðir að hlutfall ferðamanna á öðrum fjórðungi var mun hærra en á fyrsta fjórðungi borið saman við sömu tímabil 2019. Þrátt fyrir að heildarfjöldi ferðamanna hafi ekki náð að verða meiri en fyrir faraldur fyrr en nú í júlí voru ferðamenn frá Vestur-Evrópu þegar orðnir fleiri á öðrum fjórðungi en á sama tímabili 2019. Þeir aðilar í ferðaþjónustu sem þjónustuðu þá fyrir faraldur hafa því líklegast þegar fundið fyrir meiri tekjum nú á öðrum fjórðungi en á sama tímabili 2019. Ferðamenn frá Vestur-Evrópu voru 14% fleiri nú á öðrum fjórðungi en 2019 og var þetta eini hópur landa þar sem ferðamönnum hafði þegar fjölgað miðað við fyrir faraldur. Af öllum löndunum var fjölgun Ítala mest nú á öðrum fjórðungi, eða 54%. Næstmest var fjölgun Hollendinga, eða 44%, og þriðja mest var fjölgun Íra, 35%. Fjöldi ferðamanna frá Austur-Evrópu var nú á öðrum fjórðungi enn 14% minni en 2019 og 18% minni frá Bandaríkjunum. Norðurlandþjóðirnar voru enn 8% færri. Sé litið til samdráttar voru Asíuþjóðirnar mest áberandi en fjöldi ferðamanna þaðan var enn einungis 32% af fjöldanum 2019.

## Komur erlendra ferðamanna



Sem hlutfall af fjöldanum 2019  
Heimild: Hagstofa Íslands

## Komur erlendra ferðamanna á fyrsta og öðrum fjórðungi



Sem hlutfall af fjöldanum á sama tímabili 2019  
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.